

## L Ö G

## um loðdýrarækt og loðdýralánadeild.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjöfum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

## I. KAFLI

## Um loðdýrarækt.

## 1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Verði ágreiningur um, hvort einhver dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki, sker landbúnaðarráðherra úr, enda skal hann hafa yfirumsjón með loðdýraræktinni í landinu.

## 2. gr.

Loðdýrarækt og loðdýrabú nefnist í lögum þessum, ef loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni, en loðdýraeldi, ef dýrin eru alin um stundarsakir vegna skinnaframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýragarður nefnast girðingar og búr, sem loðdýr eru geymd í, en aðhald þar, sem loðdýr eru höfð í ógirtum eyjum.

## 3. gr.

Hver sá, er stunda vill loðdýrarækt eða loðdýraeldi, skal fá til þess leyfi viðkomandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, enda hliti hann í öllum greinum ákvæðum laga þessara og reglugerðar, er landbúnaðarráðherra setur um framkvæmd laganna. Nú synjar hreppsnefnd eða bæjarstjórn um leyfi, og skal hún þá láta umsækjanda í té skriflegar ástæður fyrir synjuninni. Getur þá umsækjandi skotið máli sínu til landbúnaðarráðherra, er fellir um það fullnaðarúrskurð, eftir að hafa leitað álits ráðunauts í loðdýrarækt.

## 4. gr.

Hreppur hver eða bæjarfélag er sérstakt leyfisumdæmi samkvæmt lögum þessum. Hafa hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum eftirlit með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra, hver í sínu umdæmi. Hafi þeir sjálfir loðdýrarækt eða loðdýraeldi, skipar viðkomandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn annan mann til eftirlits með því.

## 5. gr.

Leyfi skal gefa á þar til gerð eyðublöð, er landbúnaðarráðuneytið gefur út, og gildir leyfið fyrir ákveðna tegund eða tegundir loðdýra, eftir því sem það nánar tilgreinir. Leyfi gildir aðeins í því leyfisumdæmi, sem það er veitt í. Óheimilt er að taka dýr í loðdýragarð eða aðhald fyrir en úttekt hreppstjóra eða lögreglustjóra hefir farið fram og fullnægt er ákvæðum laga þessara og reglugerðar um örugga vörzlu. Að lokinni skoðun er skylt að láta leyfishafa í té skriflega yfirlýsingu um, að örugglega sé um búið. Sama gildir, ef loðdýragarður er fluttur eða stækkaður. Nánari ákvæði um eftirlit hreppstjóra skal setja með reglugerð.

## 6. gr.

Fyrir skoðun þá á loðdýragörðum og aðhaldi, sem um ræðir í 5. gr., skal leyfis-  
hafi greiða hreppstjóra eða lögreglustjóra eftir því, sem tiltekið verður í reglugerð.

38

13. júní

## 7. gr.

Óheimilt er að geyma loðdýr öðruvísi en í fulltryggum loðdýragirðingum, eða annari öruggri vörzlu. Öll loðdýr skulu flytjast milli garða í öruggu búri. Ef loðdýr eru geymd í aðhaldi, skal skylt að flytja þau í örugga vörzlu eða lóga þeim, hvenær sem hætta þykir á, að dómi hreppsnefndar, að þau kunni að sleppa úr aðhaldinu, svo sem vegna ísalaga.

## 8. gr.

Bannað er að gera loðdýrum í aðhaldi eða loðdýragörðum nokkurt það ónæði, er eigendum verður tjón að, enda séu dýrin geymd svo fjarri alfaraleiðum, að ekki hljóti ónæði af umferðinni.

Í reglugerð skal kveða nánar á um öryggi loðdýraeigenda gegn tjóni, er hljótaskann af ónæði, er loðdýrum er gert í loðdýragörðum eða aðhaldi. Ennfremur á skemmdum á refagörðum eða búrum. Ákveða má sektir og bætur, ef um ásetning eða vítavert kæruleysi er að ræða, nema þyngri refsing liggi við að lögum, svo og hvernig með skuli fara kærumál um þessi efni.

## 9. gr.

Gangi hundapest eða aðrir næmir sjúkdómar, sem loðdýrum getur stafað hætta af, er landbúnaðarráðherra heimilt að gera ráðstafanir til varnar því, að pestin berist í loðdýragarða eða milli héraða.

## 10. gr.

Sleppi loðdýr úr vörzlu og náist ekki, skal eigandi eða umráðamaður sæta sektum frá 2—200 kr. fyrir hvert dýr, og greiða skaðabætur, ef sannanlegt tjón hlýzt af. Auk þess má svipta hlutaðeiganda leyfi, ef miklar sakir eru. Þessi ákvæði taka þó ekki til þess, ef sannað er, að dýr hafi sloppið af óviðráðanlegum orsökum, svo sem vegna skemmda af óveðrum o. s. frv. Sektir samkvæmt þessari grein renna í hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarsjóð.

## 11. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt og gefur út erindisbréf handa honum. Skal hann launaður úr ríkissjóði. Heimilt er ráðherra að fela Búnaðarfélagi Íslands eða Loðdýraræktarfélagi Íslands umsjón með starfi ráðunautarins.

## 12. gr.

Loðdýraræktarráðunauturinn hefir með höndum, án endurgjalds frá loðdýraeigendum, almenna fræðslu og leiðbeiningastarfsemi í loðdýrarækt. Ber honum að ferðast milli loðdýrabúanna og ráðleggja um hinn daglega rekstur heima á görðum; jafnframt skal hann vera dómari á loðdýrasýningum, eftir því sem við verður komið. Einnig ber honum að hafa yfirumsjón með merkingu loðdýra og ættbókafærslu samkvæmt reglugerð.

## 13. gr.

Loðdýraræktarfélag Íslands ákveður, í samráði við loðdýraræktarráðunaut, hverjar tegundir loðdýra skuli merktar og ættbókfærðar.

Dýr af þeim tegundum er óheimilt að selja eða láta á annan hátt af höndum

38 til lífs, nema loðdýraræktarráðunautur eða fulltrúi hans hafi metið þau hæf til undaneldis.

Við athugun og merkingu loðdýra ber að sérmerkja þau loðdýr, sem óhæf teljast til undaneldis.

14. gr.

Rétt hafa menn til að fá loðdýr sín merkt löggiltu sérmerki eiganda, þó þeir einir, sem eru meðlimir í loðdýraræktarfélagi Íslands.

15. gr.

Um loðdýrasýningar, sýningarsvæði og verðlaunaveitingar sé ákveðið í reglugerð. Er heimilt að ákveða þar að leggja gjöld á loðdýraeigendur vegna sýninganna.

16. gr.

Ekki má flytja inn loðdýr, nema þau hafi hlotið viðurkenningu á loðdýrasýningu sem hæf undaneldisdýr, og fylgi dýralæknisvottorð hverri innflutningssendingu um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi í heimalandinu og aldur þeirra, enda séu vottorð þessi staðfest af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

## II. KAFLI

### Um loðdýralánadeild.

17. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að stofna við Búnaðarbanka Íslands útlána-deild, sem nefnist loðdýralánadeild.

18. gr.

Ríkissjóður leggur deildinni til óafturkræft framlag, 10 þúsund krónur árlega á næstu fimm árum. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán, sem deildin tekur, eða verðbréf, sem hún gefur út til sölu, þó ekki yfir 100 þúsund krónur á ári á næstu 5 árum.

19. gr.

Loðdýralánadeild veitir lán til þess að stofnsetja loðdýrabú, og mega lánin nema allt að 40% af stofnkostnaði búanna, þó aldrei yfir 2 þús. kr. til hvers einstaks bús. Lán má þó nema allt að 60% af stofnkostnaði og allt að 500 kr. á félagsmann, ef búið er félagseign minnst 5 manna, enda standi þeir allir í sameiginlegri ábyrgð fyrir láninu. Lánin greiðast með jöfnum afborgunum á 10 árum, en eru afborgunarlaus fyrstu 2 árin.

20. gr.

Lánin skulu veitt gegn 1. veðrétti í loðdýrabúi lántakenda (loðdýrum og loðdýragarði). Eigi er loðdýrabú veðhæft með færri dýrum en 4.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga nr. 18 4. nóv. 1887 er heimilt að veðsetja loðdýralánadeild tiltekna tölu loðdýra án þess að hin veðsettu dýr séu sérstaklega auðkennd, enda sé og lántakanda óheimilt að veðsetja önnur dýr sín annarsstaðar með 1. veðrétti. Skylt er lántakanda að viðhalda tölu hinna veðsettu dýra, en fækki þeim, skal hann þegar endurgreiða af láninu í hlutfalli við rýrnun veðsins.

## 22. gr.

38

Reglur um útlánastarfsemi loðdýralánadeildarinnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð. 13. júní

### III. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

## 23. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 20—5000 kr., er renna í hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

## 24. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn 2. kafli laga nr. 108 11. ágúst 1933, um refaveiðar og loðdýrarækt, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

## 25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

39

### um skipting fasteignaveðslána.

13. júní

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

## 1. gr.

Þegar skipta á jörð í tvö eða fleiri sjálfstæð býli milli eigenda, eða byggja á nýbýli úr landi jarðar, skal, ef óskað er, meta hvernig heildar-fasteignarmatsverð fasteignarinnar skiptist á hin einstöku býli.

## 2. gr.

Við matsgerð þessa skal ekki meta þau mannvirki, er unnin hafa verið á jörðinni eftir að mats var óskað.